

**Ed.**

**376. Nefndarálit**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefnd gat ekki átt samleið um þetta mál. Meiri hlutinn hallaðist að frv. með litlum breytingum. Minni hlutinn getur ekki sætt sig við frv. nema annaðhvort væri að ræða um sjerskóla fyrir konur, hliðstætt búaðarskólum karlmanna, en svo er ekki, síst um skólann í Reykjavík, eða þá að um leið væru teknir á ríkið allir hjeraðsskólarnir og þeir húsmæðraskólar, sem annaðhvort eru til lögum samkvæmt, eins og norðlenska skólann, eða fastráðið að stofna, eins og Staðarfellsskólann.

Minni hlutinn leyfir sjer því að bera fram eftirfarandi viðaukatillögur við frv., og getur þá eftir atvikum fylgt frv., ef aðalatriði þessara breytinga eru tekin til greina.

## VIÐAUKATILLÖGUR.

### I. Aftan við frv. bætist:

#### C. Hjeraðsskólinn á Hvítárbakka.

##### 1. gr.

Ríkið starfrækir hjeraðsskóla með tveim bekkjum að Hvítárbakka í Borgarfirði. Jafnframt afhenda núverandi eigendur Hvítárbakka jörðina með öllum mannvirkjum og eignum skólans, sem þar hefir verið starfræktur, landsstjórn Íslands án endurgjalds.

##### 2. gr.

Kenslugreinar skulu vera þessar: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa, vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess eiga nemendur kost á tilsögn í ensku og dönsku.

##### 3. gr.

Við skólann skulu vera þrir fastir kennarar, skólastjóri með 2600 kr. launum og tveir aðstoðarkennarar með 2000 króna árslaunum hvor, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

##### 4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

#### D. Hjeraðsskólinn að Núpi við Dýrafjörð.

##### 1. gr.

Ríkið tekur að sjer að starfrækja hjeraðsskóla með tveim bekkjum að Núpi við Dýrafjörð. Jafnframt kaupir landsstjórnin, eftir mati dómkvaddra manna, núverandi skólabyggingar að Núpi og a. m. k. hálfja jörðina, til afnota fyrir kennara skólans.

##### 2. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera sem hjer segir: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa,

vefnaður, ípróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess eiga nemendur kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera þrjú fastir kennarar, skólastjóri með 2600 króna launum og tveir aðstoðarkennarar með 2000 króna launum hvor, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til árlega nægilegt fjá til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

**E. Hjeradsskólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu.**

1. gr.

Ríkið tekur að sjer að starfrækja hjeradsskóla með tveim bekkjum að Laugum í Þingeyjarsýslu. Núverandi eigendur skólans afhenda landsstjórninni allar eignir skólans og leigurt á landi og náttúrugæðum.

2. gr.

Kenslugreinar í skólanum skulu vera sem hér segir: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa, vefnaður, ípróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess eiga nemendur kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera þrjú fastir kennarar, skólastjóri með 2600 kr. launum og tveir aðstoðarkennarar með 2000 kr. launum hvor, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til nægilegt fjá árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

**F. Hjeradsskólinn að Laugarvatni í Árnessýslu.**

1. gr.

Ríkið tekur að sjer að starfrækja hjeradsskóla með alt að fjórum bekkjum að Laugarvatni í Árnessýslu. Jafnframt afhendir Árnessýsla landsstjórninni allar eignir skólans og kaupurt á jörðinni Laugarvatni.

2. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera: Íslenska, saga, reikningur, náttúrufræði, landafræði, smíði, bæði trje og járn, steinsteypa, vefnaður, íþróttir, söngur og einfalt bókhald. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku og dönsku.

3. gr.

Við skólann skulu vera fimm fastir kennarar, skólastjóri með 2600 kr. launum og fjórir aðstoðarkennarar með 2000 kr. launum hver, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss og hita, fæðis og þjónustu meðan skólinn starfar.

Þar að auki leggur landssjóður skólanum til nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí.

**G. Húsmæðraskólarnir á Staðarfelli og við Akureyri.**

1. gr.

Húsmæðraskóla skal stofna að Staðarfelli og í grend við Akureyri. Skulu þeir veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að standa vel í stöðu sinni. Búskap skal reka í sambandi við skólana.

2. gr.

Skólinn á Staðarfelli skal rúma 25 nemendur, en skólinn við Akureyri 50 nemendur, auk íbúðar fyrir forstöðukonur, kenslukonur og þjónustufólk. Báðir skólarnir skulu vera úr steinsteypu, eftir uppdrætti, sem stjórnarráðið samþykkir, og með nýttisku tækjum til matreiðslu, hitunar, lýsingar og ræstingar.

3. gr.

Hvorum þessara skóla stýra kenslukonur, er tekið hafa próf í þeim kenslugreinum, er 4. gr. ákveður. Auk þess skal skipa tvær fastar kenslukonur við Staðarfellsskólann, en fjórar við skólann hjá Akureyri. Laun forstöðukvenna skulu vera 2000 kr., en kenslukvenna 1000 krónur, auk dýrtíðaruppbótar. Ennfremur njóta allir þessir kennarar ókeypis bústaðar, ljóss, hita, fæðis og þjónustu meðan skólarnir starfa.

Þá leggur landssjóður skólum þessum nægilegt fje árlega til nauðsynlegrar tímakenslu.

4. gr.

Námsgreinar eru:

A. Verklegar:

1. Matreiðsla allskonar, og sje sjerstök áhersla lögð á matreiðslu úr innlendum efnum.

2. Framreiðsla matar og drykkjar.
3. Ræstun og þvottur.
4. Saumar og hirðing fatnaðar.

B. Bóklegar:

1. Efnafræði, sjerstaklega efnasambönd fæðunnar.
2. Heilsufræði, einkum hjúkrunarfræði.
3. Meginatriði uppeldisfræðinnar.
4. Búreikningur.

Náanir ákvæði um námsgreinar i öllum framantöldum skólum setur stjórnarráðið með reglugerð.

II. Fyrirsögn frv. breytist sem hjer segir:

Frsv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana i Reykjavík og á Blönduósi, hjeraðsskólana á Hvitárbakka, Núpi, Laugum og Laugarvatni og húsmæðraskólana að Staðarfelli og við Akureyri.

III. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, frá 28. okt. 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi.

Alþingi, 20. april 1926.

Jónas Jónsson.